

Tillaga íbúaráðs Kjalarness dags. 1. október 2020 um februnar- og gróðursetningarátak á Esjumelum.

Lagt er til að Reykjavíkurborg fari í februnar- og gróðursetningarátak á Esjumelum sumarið 2021.

Greinagerð.

Esjumelar eru eitt helsta atvinnusvæði Reykjavíkurborgar og því skiptir miklu máli að ásýnd svæðisins sé til fyrirmyndar og að sjónræn áhrif á útivist og íbúa sé bætt. Esjumelar standa á berangri með takmörkuðu skjóli og sést uppbygging svæðisins vel frá Esjuhlíðum, Þjóðveginum og nálægri byggð. Gróðursetning umhverfis svæðisins og innan þess er mikilvæg til að skapa aukið skjól og bæta ásýnd þess. Einnig er mikilvægt að gróðursetning taki mið af blágrænum ofanvatnslausnum sem eru að finna í gildandi deiliskipulagi svæðisins. Aukin gróðursetning mun minnka fok á plasti og öðru rusli til sjávar. Lagt er til að gróðursetningin verði útfærð með því markmiði að hámarka líffræðilegan fjölbreytileika og bindingu kolefnis.